

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 134

Febrúar 2016

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

ADALFUNDUR

Aðalfundur Jökлараннsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 23. febrúar 2016 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Að loknum aðalfundarstörfum mun Valdimar Leifsson sýna kvikmynd sína: „Blómagaður Jökulsins“, en myndin fjallar um Esjufjöll.

ADALFUNDUR

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 23. febrúar 2016 kl. 20:00 í sal 132 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar (engar tillögur hafa borist)
6. Kosning stjórnar
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

Að aðalfundarstörfum loknum og eftir kaffihlé mun Valdimar Leifsson sýna stutta kvikmynd um Breiðamerkurjökul og Esjufjöll, en myndina hefur hann gert fyrir sjónvarp og er hún einn af fjórum þáttum um Vatnajökul sem Valdimar hefur unnið.



Í Esjufjöllum. Horft til Öræfajökuls í vestri.

BLÓMAGARÐUR JÖKULSINS - ESJUFJÖLL

Vatnajökull – mesta jökulbreiða Evrópu – er hvoru tveggja í senn undurfagur og ógnandi. Margbrotinn kraftur jökulsins hefur afar sterk áhrif á landið og mannfólkið - og í dýpinu undir slær eldhjarta Íslands. Barátta jökuls og elds hefur skapað landslag og náttúru sem er einstök í veröldinni. Og mannlífið undir jökli hefur mótast af þessum ógnar-kröftum náttúrunnar. Í þáttaröðinni Eldhjarta Íslands kynnast áhorfendur heimi Vatnajökuls; mannlífi og náttúru. Heimi sem oft er hrjúfur og máttugur á yfirborðinu en afar viðkvæmur undir niðri - þegar grannt er skoðað. Þáttaröðin samanstendur af fjórum 30 mínútna heildstæðum þáttum sem sýndir verða á RÚV á árinu. Ómur Örafanna, Blómagarður Jökulsins (Esjufjöll) Hin þögla fjallabyggð og Land andstæðnanna.

Saga mannlífs og menningar við rætur jökulsins í þúsund ár á engan sinn líka; um það vitna heimildir og menningarminjar. Löngum var þar barátta lífs við náttúruhamfarir, eldgos, jökulhlaup og jökla sem skriðu yfir gróið land. Náttúran sjálf hefur því átt mjög stóran þátt í að móta þá



I Esjufjöllum. Horft til norðvesturs inn Fossadal.

byggð sem þrífst í námunda við jökulinn, þar sem fólki stóð ógn af náttúrunni, og á mörgum stöðum var, og er, algjör óbyggð (Öræfi).

Að baki myndgerðarinnar er löngunin til að segja sögu þessa einstaka og margbreytilega svæðis í gegnum fólkið sem býr í námunda við jökulinn eða tengist honum á einn veg eða annan. Draga fram í dagsljósið jafnt tilfinningar og þekkingu þess á umhverfinu og gefa þessu hrikalega og tröllslega landslagi - þessari jöklaveröld - þannig líf og merkingu fyrir alla að skilja og njóta.

Í þættinum Blómagarður jökulsins um Esjufjöll, kynnumst við 85 ára gömlum bónda, Hálfdáni Björnsyni á Kvískerjum, sem kynnir okkur fyrir gróðurvinin í jöklinum, þ.e. segir frá leyndardómum Esjufjalla. Þangað hafa fáir komið en hann gekk þangað árlega frá árinu 1951 og fram á þessa öld. Þangað förum við fótgangandi ásamt vísindafólki sem rannsakar gróðurinn þarna uppi í 600 m yfir sjávarmáli. Hálfdán, sem er vel þekktur og viðurkenndur sjálfmenntaður vísindamaður, sýnir okkur jöklamýs sem er náttúrufrýrbrigði sem fáir vita hvað er og ennþá færri hafa séð, sem og frá rannsókn hans og bræðra hans á flækings fiðrildum til landsins.

Valdimar Leifsson



Við mælingar í Esjufjöllum.

FRAMKVÆMDIR VIÐ SKÁLA FÉLAGSINS

Undanfarin ár hefur viðhaldi og endurbótum á skálum félagsins verið sinnt af krafti af skálanefnd. Enn er þó af nógu að taka og ekki verður slegið slöku við í ár. Gert er ráð fyrir að farnar verði 3-4 vinnuferðir á árinu í skála félagsins, einkum í Jökulheima og á Grímsfjall, en aðrir skálar verða einnig heimsóttir eins og efni gefa tilefni til, t.a.m. Goðahnjúkar. Í Jökulheimum verður m.a. hugað að kyndikerfi í gamla skála og klæðningu, auk vinnu við pall. Á Grímsfjalli þarf að nokkru leyti að endursmíða palla og endurnýja gufulagnir auk árvissra viðhalds-verkefna s.s. að mála húsin.

Ragnar Þór Jörgensen

GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ, gönguhóps Jöklarannsóknafélagsins, eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern þriðjudag kl. 18:00. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson, Jósef Hólmjárn og Þóra Karlsdóttir. Dagskráin fram að sumarfríi er hér að neðan.

<u>Dags.</u>	<u>Áfangastaður</u>	<u>Brottför</u>
1. mars	Kópavogsdalur	Digraneskirkja
15. mars	Heiðmörk Vífilstaðahlíð	Heiðmerkurhlíð
29. mars	Úlfarsfell	Skógrækt, Hamrahlíð
12. apr.	Hvaleyrarvatn	N1 Hafnarfirði
26. apr.	Garðaholt og Hleinar	Hrafnista Hafnarfirði
10. maí	Dyradalir	Select Vesturlandsv.
24. maí	Straumur	N1 Hafnarfirði
7. júní	Dyradalir	Select Vesturlandsv.
21. júní	Kringum Helgafell	N1 Hafnarfirði

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2015

Nú hafa mælingar á stöðu jökulsporða haustið 2015 borist frá 32 stöðum. Ekki náðist þó nákvæm mæling alls staðar vegna þess að snjór hamlað mælingu á sporðum Snæfellsjökuls, Hofsjökuls norðanverðs og Langjökuls. Snjór hamlaði einnig mælingu við marga jökla á Tröllaskaga og við Kaldalónsjökul. Auk snævar við jökulsporð getur vatnagangur líka hamlað mælingu eins og gerðist nú við Skeiðarárjökul vestanverðan. Þessu til viðbótar getur aukin straumur ferðamanna valdið vandræðum en undanfarin ár hafa ferðamenn fjarlæggt mælipunkta og vörður framan við Sólheimajökul. Þar hafa mælingar þó náðst með því að notast við eldri mælipunkta lengra frá jöklinum. Af þeim 21 stað þar sem nákvæm mæling náðist hoga 13, einn stendur í stað en framgangur mælist á 7 stöðum. Af þeim sjö stöðum þar sem framgangur var eru þrír við Skeiðarárjökul austanverðan en öll austur álma hans virðist ganga fram.



Séð yfir Bægisárdal í september 2015. Við Bægisárjökul, líkt og við aðra jökla á Tröllaskaga, var mikill snjór við jökulsporðinn sem hamlaði mælingu. Mynd: Jónas Helgason.

Miklar breytingar hafa átt sér stað þar framan við jökulinn undanfarin ár og Skeiðará rennur nú frá útfalli sínu austast í jöklinum meðfram öllum jökulsporðinum. Áin fer sumstaðar í gegnum lón framan við jökulinn en undir hann á öðrum stöðum en ekki er ljóst hvaða áhrif þessi vatnagangur hefur á stöðu sporðsins.

Á hverju ári eru niðurstöður sporðamælinga ársins á undan sendar til Alþjóða jöklaöktunarstofnunarinnar í Sviss, WGMS (e. World Glacier Monitoring Service). Þar er sporðamælingum, afkomumælingum og öðrum upplýsingum um breytingar á jöklum víðsvegar að úr heiminum safnað í viðamikinn gagnabanka. Þessi gagnabanki er aðgengilegur á netinu af heimasíðu WGMS (www.wgms.ch). Í tengslum við alþjóðlegu loftslagsráðstefnuna í París nú í haust var gefið út smáforrit fyrir farsíma (app) til að auðvelda aðgengi að þessum gögnum og kynna ráðamönnum og almenningi þær breytingar á jöklum sem nú eiga sér stað. Nú er því hægt að nálgast sporðamælingar frá völdum mælistöðum við íslenska jökla í gegnum snjallsíma. Hægt er að nálgast smáforritið í undir nafninu Glacier App í App Store fyrir snjalltæki frá Apple eða í gegnum Google play fyrir snjalltæki með Android stýrikerfi. Til að kynna starfsemi sína enn frekar gaf WGMS út spil sem kallast Topp tromp jöklar (e. Top Trumps Glaciers). Í spilinu geta tveir keppinautar leikið hálfgerða lönguvitleysu þar sem eiginleikar jökla, svo sem fjöldi sporðamælistaða, mesta hæð, lengd og flatarmál ráða hvor vinnur hvern slag. Íslenskir jöklar eiga sinn fulltrúa í Topp tromp jöklunum en Hofsjökull norðanverður með 6 sporðamælistaði rataði inn í spilið.

Bergur Einarsson

KÚNSTIR NÁTTÚRUNNAR OG GRÍMSVATNAGRALLARI

Á aðalfundi JÖRFÍ verða sem fyrr til sölu „[Kúntir náttúrunnar](#)“, tveggja diska safn söngva og myndefnis sem tengist Sigurði Þórarinssyni (kr. 4.000,-), og „[Grímsvatnagrallari](#)“, endurprentað hefti með sönglögum jöklamanna og nýjum formála (kr. 2.000,-). Á fundinum verður einungis hægt að greiða með reiðufé. Frekari upplýsingar eru á vef félagsins: „<http://jorfi.is>”.

SKÁLAGJÖLD 2016

Á fundi stjórnar Jökларannsóknafélagsins 1. febrúar síðastliðinn var samþykkt að gjaldskrá fyrir gistingu í skálum félagsins árið 2016 verði sem hér segir:

	Félagsmenn kr/nótt/mann	Utanfélagsmenn kr/nótt/mann
Grímsfjall	3.500,-	4.500,-
Jökulheimar	3.000,-	4.000,-
Esjufjöll	3.000,-	4.000,-
Aðrir skálar	2.000,-	3.000,-

Tekið er við fyrirspurnum um bókanir í skálana á vef félagsins: ”<http://jorfi.is/>”, en á síðunni er ítarlegar upplýsingar varðandi bókanir og skálana.